



Safnaðartíðindi

Seljasóknar

32. ÁRG. 4. TBL. Jól 2011



Frá jólaguðspjónustu leikskólanna 19. desember sl.

Upplýsingar um guðspjónustur í Seljakirkju um jól og áramót eru á baksíðu

Heilög jól

Aðventunni er að ljúka, jólin sjálf að ganga í garð. Mikill undirbúningur og mikið í lagt. Þannig á það líka að vera. Í þeim undirbúningi hljóma í samfélagi okkar miklar hvatningar og áminningar um það hvernig jólin eiga að vera, skreytingar, matur, gjafir. Allt er það af hinu góða sem verður að rækja vel. Þó er svo, að það sem í raun eitt skiptir máli á jólum er snertingin við það innsta og dýpsta manneskjunnar, væntumþykjuna, kærleikann, trúna, það sem mest er um vert að leggja sig fram um að rækja vel. Það dýpsta í

manneskjinni er nálægt því sem við köllum heilagt, þar sem Guð er og snertir við því sem skiptir mestu máli. Boðskapur jólanna er að Guð vill snerta hvern einstakling og sendir til þess frelsara. Þau heilögu tengsl er mikilvægt að leggja sig fram um. Það er hægt að rækja þau víða. En í kirkjunni getum við gert það með öðru fólki, þar eru heilög jól. Tökum þátt í því starfi. Tökum þátt í guðspjónustum kirkjunnar okkar. Eigum þar gleðileg, heilög jól.

Valgeir Ástráðsson

Vér fögnum komu frelsarans

Um það geta flestir sammælt að jólahátíðin og adventan er dásamlegur árstími, þrátt fyrir allt það áreiti sem tímanum fylgir. Í desembermánuði liggur glaðværðin í loftinu á flestum heimilum, hlýjan og umhyggjan svo ríkjandi í samskiptum manna á milli. Við höfum áhuga á högum og kjörum hvers annars, viljum að öllum líði vel um leið og við íhugum komu Guðs í heiminn.

Beðið hafði verið eftir fæðingu frelsarans um margar aldir og margir höfðu gert huga sér hvernig sá konungur átti að vera. Líf hans, aðstæður og efnahagur átti að ríma við aðstæður þeirra veraldlegu konunga sem ríkjandi voru. Höll átti að vera híbýli hans og hin konunglega hirð skyldi fylgja honum eftir hvert fótstígi. Aðstæðurnar á fæðingarheimilinu í Betlehem, voru heldur núturlegri, gripahús og þeir einu sem þar voru nærstaddir, voru foreldrarir og nokkur húsdýr.

En kristnir menn vita það að í þessu barni er fólgin von heimsins. Guð steig fram og varð maður, aðfangadagur er kvöldið sem Guð og maður skilja hvorn annan hvað best og himin og jörð snertast. Orðin hans, hans hjartans mál, varð hold, barn maður, og það orð er þetta: Ég elska þig, ég er frelsari þinn. Þetta birtir Jesús Kristur, barnið heilaga, maðurinn fullkomni, fæddur þér, krossfestur fyrir þig og er með þér alla daga.

Njótum þeirra daga sem framundan eru og leyfum birtu jólanna að fylgja okkur áfram þó hátíðinni sjálfri ljúki.

Ólafur Jóhann Borgþórsson



Hvenær hefst starfið eftir áramót?

Starf hinna ýmsu deilda fellur í fastan farveg fljótt á nýju ári.

Barnaguðsþjónustur hefjast sunnudaginn 8. janúar kl. 11.

Fyrsti **mömmumorgun** verður þriðjud. 10. janúar kl. 10.

KFUK starfið byrjar mánudaginn 9. janúar kl. 17.30.

KFUM starfið byrjar fimmtudaginn 12. janúar kl. 17.30.

Barna- og unglingakórinn verður með fyrstu æfingu nýs árs miðvikudaginn 12. janúar kl. 15.

Fyrsti fundur **Frímerkjaklúbbsins** verður þriðjudaginn 10. janúar kl. 17.

Æskulýðsfélagið Sela byrjar sína starfsemi mánudagskvöldið 9. janúar kl. 20. **Fermingarfræðslan** byrjar 5. og 10. janúar samkvæmt stundaskrá.

Fyrsti **bíblíulestur** vorannarinnar verður miðvikudaginn 11. janúar kl. 19.30. Áfram verður fjallað um hin almennu bréf Nýja testamentisins. Fyrsta **samvera eldri borgara** á nýju ári verður þriðjudaginn 31. janúar kl. 18.

Jólaguðspjallið

En það bar til um þessar mundir að boð kom frá Ágústusi keisara, að skrásetja skyldi alla heimsbyggðina.

Þetta var fyrsta skrásetningin og var gerð þá er Kýreníus var landstjóri á Sýrlandi. Fóru þá allir til að láta skrásetja sig, hver til sinnar borgar. Þá fór og Jósef úr Galíleu frá borginni Nasaret upp til Júdeu, til borgar Davíðs, sem heitir Betlehem, en hann var af ætt og kyni Davíðs, að láta skrásetja sig ásamt Maríu heitkonu sinni sem var þunguð. En meðan þau voru þar kom sá tími er hún skyldi verða léttari. Fæddi hún þá son sinn frumgetinn, vafði hann reifum og lagði hann í jötu af því að eigi var rúm fyrir þau í gistihúsi.

En í sömu byggð voru hirðar úti í haga og gættu um nóttina hjarðar sinnar. Og engill Drottins stóð hjá þeim og dýrð Drottins ljómaði kringum þá. Þeir urðu mjög hræddir en engillinn sagði við þá: "Verið óhræddir, því, sjá, ég boða yður mikinn fögnuð sem veitast mun öllum lýðnum: Yður er í dag frelsari fæddur, sem er Kristur Drottinn, í borg Davíðs. Og hafið þetta til marks: Þér munuð finna ungbarn reifað og liggjandi í jötu."

Og í sömu svipan var með englinum fjöldi himneskra hersveita sem lofuðu Guð og sögðu: „Dýrð sé Guði í upphæðum og friður á jörðu og velpóknun Guðs yfir



mönnum”.

Þegar englarnir voru farnir frá þeim til himins sögðu hirðarnir sín á milli: "Förum beint til Betlehem að sjá það sem gerst hefur og Drottinn hefur kunngjört okkur." Og þeir fóru með skyndi og fundu Maríu og Jósef og ungbarnið sem lá í jötu. Þegar þeir sáu það skýrðu þeir frá því er þeim hafði verið sagt um barn þetta. Og allir sem heyrðu undruðust það er hirðarnir sögðu þeim. En María geymdi allt þetta í hjarta sér og hugleiddi það. Og hirðarnir sneru aftur og vegsömuðu Guð og lofuðu hann fyrir það sem þeir höfðu heyrt og séð en allt var það eins og þeim hafði verið sagt.

Lúkasarguðspjall, 2. kafli.



Guðspjónustur um jól og áramót í Seljakirkju

24. desember aðfangadagur jóla

- kl. 18 Aftansöngur
Sr. Ólafur Jóhann Borgþórsson prédikar
Blandaður kór syngur
Daði Kolbeinsson og Tómas Guðni Eggertsson
leika jólatónlist á obo og orgel frá kl. 17:30
- kl. 23:30 Miðnæturguðspjónusta
Sr. Valgeir Ástráðsson prédikar
Kór Seljakirkju syngur
Rósalind Gísladóttir syngur einsöng
Pétur Valgarð Pétursson, gítarleikari leikur jólatónlist frá kl. 23:00

25. desember jóladagur

- kl. 14 Guðspjónusta
Sr. Valgeir Ástráðsson prédikar
Kór Seljakirkju syngur

26. desember annar jóladagur

- kl. 14 Guðspjónusta
Sr. Ólafur Jóhann Borgþórsson prédikar
Kór Seljakirkju syngur.
- kl. 16 Guðspjónusta í Skógarbæ
Sr. Ólafur Jóhann Borgþórsson prédikar.
Félagar úr Kór Seljakirkju leiða söng.

31. desember gamlársdagur

- kl. 18 Aftansöngur
Sr. Valgeir Ástráðsson prédikar
Kór Seljakirkju syngur.
Einsöng syngur Anna María Óskarsdóttir.

1. janúar nýársdagur

- kl. 14 Guðspjónusta - Altarisganga
Sr. Ólafur Jóhann Borgþórsson prédikar
Kór Seljakirkju syngur
- Kl. 16 Guðspjónusta í Skógarbæ
Sr. Valgeir Ástráðsson prédikar
Félagar úr Kór Seljakirkju leiða söng.

Organisti við guðspjónusturnar er Tómas Guðni Eggertsson

Sjá, himins opnast hlið,
heilagt englalið,
fylking sú hin fríða
úr fagnaðarins sal,
fer með boðun blíða
og blessun lýsa skal
:,: yfir eymdadal. :,:

Í heimi' er dimmt og hljótt,
hjarðmenn sjá um nótt
ljós í lofti glæðast,
það ljós Guðs dýrðar er,
hjórtu þeirra hræðast,
en Herrans engill tér:
:,: "Óttist ekki þér. :,:

Með fegins fregn ég kem:
Fæðst í Betlehem
blessað barn það hefur,
er birtir Guð á jörð,
frið og frelsi gefur
og fallna reisir hjörð.
:,: Þökk sé Guði gjörð." :,:

Já, þakka, sál mín, þú,
þakka' og lofsyng nú
fæddum friðargjafa,
því frelsari' er hann þinn,
seg þú: "Hann skal hafa
æ hjá mér bústað sinn,
:,: vinur velkominn." :,:

Ó, Guðs hinn sanni son,
sigur, líf og von
rís með þér og rættist,
þú réttlætisins sól,
allt mitt angur bætist,
þú ert mitt ljós og skjól.
:,: Ég held glaður jól. :,:

Á hæstri hátíð nú
hjarfafólgin trú
honum fagni' og hneigi,
af himni' er kominn er,
sál og tunga segi
með sælum englaher:
:,: "Dýrð sé, Drottinn, þér." :,:

Björn Halldórsson - sb. 88



Safnaðartíðindi Seljasóknar
32. árg. 4. tbl. Jól 2011
Seljakirkja
v/Raufarsel 109 Reykjavík. s: 567 0110
Ritstjórn og ábyrgð: Sr. Valgeir Ástráðsson
Útlitshönnun: Gísli B. Björnsson
Umbrot: Sr. Ólafur Jóhann Borgþórsson
Prentun: Svansprent hf.
Upplag: 3000 eintök.